



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Umsögn um styrkumsókn – Veraldarvinir. Hreinsum strönd-græðum lönd.

Vísað er til bréfs frá 31.1.2023 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Veraldarvina um styrk fyrir verkefnið Hreinsum strönd – græðum lönd.

Veraldarvinir hafa verið öflugir í hreinsun strandlengju Íslands og nú, með opnum miðstöðvar og sýningar að Grandagarði 65, munu borgarbúar fá að fræðast um afrakstur þeirrar vinnu. Það er nauðsynlegt að halda úti þessu hreinsunarstarfi áfram næstu ár því að af nógu er að taka af plastrusli bæði í borgarlandinu og utan þess. Mjög jákvætt er að efla fræðsluhlutann, auka vitund borgarbúa um plastmengun og virkja almenning til að hreinsa til í kringum sig. Lagt er til að tekið verði jákvætt í styrkumsóknina.

Virðingarfyllst,
Hildur Sif Hreinsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða